



## Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 12. ágúst 2013 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson.  
Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson byggingafulltrúi, Víðir Númason aðstoðarmaður  
byggingafulltrúa og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1304040 – 213388 Flateyjarland, iðnaðar- og athafnasvæði.

*Byggingafulltrúi lagði fram tillögu frá Landmótun að tveimur lóðum á athafnasvæði við höfnina í Flatey. Nefndin leggur til að tillagan verði send í grenndarkynningu til eigenda nærliggjandi fasteigna í Flatey. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1308010 – Gróunes 139565, beiðni um stofnun nýrrar fasteignar.

Erindi Vegagerðarinnar 6. júní 2013.

*Fyrir nefndinni liggur erindi og umsókn Vegagerðarinnar, samningur og afsal vegna lóðar, og stofnskjál lóðar ásamt teikningu. Nefndin samþykkir stofnun lóðar úr landi Gróness, heiti nýrrar lóðar er Grónes-vegsvæði. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. 1308009 – Flotbryggjur í Reykólahöfn 2013.

*Dýpkun fyrir flotbryggju gengur ekki eins og áætlað var. Taka þarf ákvörðun um framhaldið, hvort færa eigi bryggjuna um 10 metra með tilheyrandi kostnaðarauka eða láta dýpi duga. Auk þess þarf að koma fyrir tveimur aukasteinum fyrir landfestar. Eftir töluverðar umræður og í samráði við Vegagerðina kom Egill á framfæri tillögu um að bryggjan verði færð til um allt að 10 metra. Tillagan var samþykkt samhljóða. Nauðsynlegt er að fjárfesta í aukasteinum vegna landfestinga á flotbryggju og var það samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1304002 – Dýpkun í Reykólahöfn 2013.

Svar innanríkisráðuneytis, dagsett 27. júní 2013, við erindi sveitarstjóra 25. júní 2013.

*Óskað var eftir því við innanríkisráðuneytið að auka fjármagn til Reykólahrepps vegna dýpkunar á innsiglingu Reykólahafnar jafnhliða dýpkun hafnarinnar. Ráðuneytið samþykkti frekara fjármagn enda rúmist það innan fjárheimilda Siglingastofnunar til framkvæmda við hafnir. Innsigling var því dýpkuð um leið og höfnin.*

#### 5. 1308011 – Beiðni um lykiltölur úr aðalskipulagi.

Erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 13. júní 2013.

*Skipulagsfulltrúa falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.*

**6. 1308012 – Frumvarp um breytingu á 51. gr. skipulagslaga.**

Erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsett 6. ágúst 2013.

Lagt fram og kynnt.

**7. 1308003 – 6. hafnafundur Hafnasambands Íslands 20. september 2013.**

Lagt fram og kynnt.

**8. 1308013 – Hafrafell 3, 220107, stofnun nýrrar lóðar.**

Fyrir nefndinni liggur umsókn eigenda á Hafrafelli 3 um stofnun lóðar, stofnskjal lóðar og uppdráttur. Nefndin samþykkir stofnun lóðar úr landi Hafrafells 3, nafn nýrrar lóðar er Hafrahof. Samþykkt samhljóða.

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:**

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.**

---

---

---